

BRÁÐABIRGÐALÖG

45

20. ágúst

um viðauka við bráðabirgðalög 25. maí 1934, um heimild fyrir ríkisstjórnina til
ihlutunar um sölu og útflutning á saltfiski.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir tjáð
Oss, að við framkvæmd bráðabirgðalaga 25. maí 1934, um heimild fyrir
ríkisstjórnina til ihlutunar um sölu og útflutning á saltfiski, hafi komið í
ljós, að æskilegt væri að hafa fyrirmæli í lögum um innheimtu og ráðstöf-
un á ákveðnu gjaldi er fiskútflytjendur greiddu í þágu saltfiskverzlunar-
innar. Hafa aðalútflytjendur saltfiskjar, samkvæmt tilmælum ríkisstjórn-
arinnar, myndað sérstakan sjóð í þessum tilgangi, sem er undir umsjá for-
sætisráðherra, og greitt í hann kr. 5.00 á skippund (160 kg.) af útfluttum
verkuðum saltfiski af þessa árs framleiðslu, en kr. 20.00 á smálest á nokkru
af útfluttum óverkuðum saltfiski (frá 5. júlí s. l.). Var frá upphafi afráðið,
að þeim sjóði mætti verja samkvæmt ákvörðunum ríkisvaldsins til mark-
aðsleitar, verðjöfnunar o. fl. í þágu saltfiskverzlunar landsmanna.

Eftir að föst skipun hafði verið gerð um slíka sjóðsmyndun í samráði
við aðalútflytjendur saltfiskjar, hefir öðrum útflytjendum verið gert að
skyldu að greiða jafnhátt gjald við útflutning saltfiskjar til hlutaðeigandi
sýslumanna eða bæjarfógeta, svo að aðstaða útflytjendanna yrði sem jöfn-
ust. Um stjórn og ráðstöfun á því fé, er þannig hefir safnast, vantar hins-
vegar lagafyrirmæli, og fyrir því teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að
gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920,
til þess að ráða bót á þessu.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Við 1. gr. bráðabirgðalaganna bætist tvær nýjar málsgreinar:

Nú er beitt heimild undanfarandi málsgreinar og skal þá við útflutning
fiskjarins greiða sjóðgjald er nemi kr. 5.00 á skippund til jafnaðar af öllum
verkuðum fiski nema af upsa, keilu og úrgangsfiski (nr. 3 og 4), en af þeim
fiski greiðist kr. 2.00 á skippund. Af óverkuðum fiski, þar með talinn þveginn
og pressaður fiskur, nemi sjóðgjaldið kr. 20.00 á smálest nema af upsa, keilu
og úrgangsfiski greiðist kr. 5.00 á smálest.

Um innheimtu á slíku sjóðgjaldi skulu gilda ákvæði laga nr. 70, 27. júní
1921, eftir því sem við getur átt, en að öðru leyti skal með sérstakri reglugerð

45 ákveða nánar um stjórn sjóðsins, skiptingu sjóðgjaldsins á tegundir af verkuð-
20. ágúst um fiski nema á upsa, keilu og úrgangsfisk samkvæmt undanfarandi málsgrein,
reikningsskil, endurskoðun, endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum þessara laga o. fl.

2. gr.

Á eftir 1. gr. bráðabirgðalaganna komi tvær nýjar greinar, sem verða 2. og 3. grein, svohljóðandi:

a. (2. gr.) Tekjum þess sjóðs, sem þannig kann að myndast, skal varið, eftir því sem með þarf, til þess að efla, tryggja og auka fiskmarkaði, til verðjöfnunar, og til annarra nauðsynja í þágu saltfiskverzlunar landsmanna á þann hátt, er ríkisstjórnin ákveður.

b. (3. gr.) Nú verður afgangur af tekjum sjóðsins, eftir að þeim hefir verið varið samkvæmt 2. gr., og skal þá skipta því fé, sem ónotað er, milli saltfisk-útflytjenda í réttu hlutfalli við greiðslur þeirra í sjóðinn.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 20. ágúst 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.